



## 390. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 25. apríl 2012. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður I. Jóhannsson, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Rekstrar- og verkáætlun fyrir árið 2012.

Lögð var fram framkvæmdaáætlun fyrir árið 2012 og farið yfir helstu verkþætti. Framkvæmdaáætlun samþykkt með fyrirvara um að ÞVN þurfi að skoða skipulagsmál og framkvæmdir tengdar hugmyndasamkeppninni, ásamt því að framkvæmdir við Silfru ráðist af tekjuöflun við köfunina. Skipulagsmál verða rædd á samráðsfundi 10 maí nk.

Rekstraráætlun fyrir árið 2012 lögð fram. Þjóðgarðsvörður fór yfir helstu þætti og breytingar milli ára. Samþykkt.

ÞKG óskar bókað að hún setji þann fyrirvara við þessar tvær samþykktir, að ÞVN fái þær tekjur sem stefnt er að, ella dragi úr framkvæmdum sínum.

### 2. Rafmagnsbátur

Lagt fram erindi sem barst í tölvupósti 27. febrúar 2012, frá Gissuri Baldurssyni og Snæbirni Ólafssyni. Þeir sækja um leyfi ÞVN til að gera út bát og koma upp aðstöðu í Hálfánarvík. Samþykkt að vísa erindinu til byggingafulltrúa Bláskógabyggðar.

### 3. Hraunstígur 4, framsal á eignahlut.

Í bréfi dags. 16.02.2012 óskar Ellen S. Stefánsdóttir eftir að fá að framselja 50% eignarhlut í sumarhúsi að Hraunstíg 4, til sonar síns, Hrafnkels Sigurðssonar. Óskað er eftir að ÞVN falli frá forkaupsrétti sínum.

Erindi samþykkt með eftirfarandi skilmálum:

Samkvæmt gildandi byggingarskilmálum Þingvallanefndar eru ekki veitt leyfi til byggingar nýrra frístundahúsa innan marka þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þingvallanefnd getur þó veitt undanþágu í sérstökum tilvikum. Heimilt er að viðhalda þeim byggingum sem eru fyrir eru á lóðum innan þjóðgarðsins. Afla þarf leyfis Þingvallanefndar fyrir öllum framkvæmdum, þ.m.t. viðhaldi og breytingum á byggingum, innan þjóðgarðsins sbr. ákvæði 5. gr. gildandi lóðarleigusamnings sbr. einnig 5. gr. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004.

Umsóknir um byggingarleyfi skal senda til byggingaryfirvalda Bláskógabyggðar sem annast öll samskipti við Þingvallanefnd og aflar leyfis nefndarinnar.

Allar framkvæmdir innan þjóðgarðsins, þ.m.t. viðhald fasteigna, skulu uppfylla ákvæði laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004 og reglugerðar um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 848/2005 og vera í samræmi við ákvæði gildandi laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi á hverjum tíma, þ.m.t. byggingarskilmála Bláskógabyggðar.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er á vatnsverndarsvæði sem heyrir undir eftirlit Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Óheimilt er að gera nokkuð það sem getur spillt eða mengað vatn innan þjóðgarðarins, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn sbr. ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

Með vísan til þess, að þú gerir framsalshafa grein fyrir ofangreindum skilyrðum sem og hann fallist á þau, fellur Þingvallanefnd frá forkaupsrétti og heimilar framsal á 50% eignarhluta til Hrafnkels Sigurðssonar.

#### **4. Skipan fulltrúa ÞVN í kirkjuráð Þingvallakirkju.**

Lagt fram erindi frá Sr. Kristjáni Val Ingólfssyni með ósk um að ÞVN tilnefni fulltrúa í kirkjuráð Þingvallakirkju. Í nefndinni sitja Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur í Fellsmúla og Borghildur Guðmundsdóttir, fulltrúi Þingvallasóknar.

Samþykkt að skipa þjóðgarðsvörð fulltrúa Þingvallanefndar í kirkjuráð Þingvallakirkju.

### **Önnur mál:**

#### **1. Kárastaðastígur.**

Þjóðgarðsvörður skýrði frá gangi mála. Fjárveiting til verksins var 23 milljónir króna og byggði á upplýsingum sem þá lágu fyrir um umfang nýju gjárinnar. Kostnaðaráætlun nú er um 29 m. kr. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur unnið með aðilum, efniviður valinn o.s.frv. Framkvæmdir við gjána eru hins vegar ekki hafnar og eru teikningar enn til athugunar hjá byggingafulltrúa. Byggingafulltrúi gerir athugasemdir við halla á göngubraut í gjánni með tilliti til aðgengis fatlaðra og hefur m.a. óskað umsagnar frá Mannvirkjastofnun þar um. Fyrir liggur það álit stofnunarinnar að reglugerð sem vísað er til gildi aðeins í þéttbýli. Þá er hallinn í Almannagjá óbreyttur frá því sem áður var og helgast af hæðarmun á Haki og gjárbotni. Sýnt er að vegna þess verða tafir á verklokum en ekki er vitað hversu miklar. Mikil umræða varð í nefndinni um aðgengi fatlaðra í þjóðgarðinum og sérstaklega rætt um aðstöðuna í Vatnskoti þar sem er veiðiaðstaða fyrir fólk í hjólastólum. Þá aðstöðu þarf að bæta að mati nefndarinnar.

Lilja Rafney og Sigurður I. fara af fundi kl. 12.30.

#### **2. Hugarflugsfundur 10. maí nk.**

Þingvallanefnd hefur boðað til samráðsfundar um hvar og hvers konar þjónustu eigi að koma upp í þjóðgarðinum á Þingvöllum í stað þeirrar sem hvarf við bruna gömlu Valhallar. Jafnframt þessu er ætlunin að skoða staðarval annarrar starfsemi sem ætti heima í þjóðgarðinum þannig að gætt verði heildarsamræmis og svipmót þjóðgarðsins varðveitt. Fundurinn verður haldinn í húsakynnum Alta og hafa 15-20 manns verið boðaðir á fundinn ásamt Þingvallanefnd.

#### **3. Silfra.**

Skýrt frá fundi um málefni Silfru sem haldinn var á Þingvöllum. Sýslumaðurinn á Selfossi ásamt yfirlögregluþjóni, fulltrúar frá Siglingastofnun og Landhelgisgæslan komu til fundarins.

#### **4. Styrkveiting frá húsafriðunarnefnd v/ endurbóta á Þingvallakirkju.**

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum fékk styrk upp á kr. 700 þúskr. til endurbóta á Þingvallakirkju. Framkvæmdirnar þurfa fara fram á þessu ári til að styrkur falli ekki niður.

**5. Kynning á fornleifaskráningu í þjóðgarðinum. Einar Á. Sæmundsen og Margrét  
Hrönn Hallmundsdóttir.**  
Frestað.

Samþykkt að halda sem allra fyrst fund fyrir austan.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.45.